

Aðalfundur Arsenalklúbbsins á Íslandi

25.mai 2025 kl:11:00

Arena, Turninn Smáratorgi 3, 201 Kópavogi

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
4. Breytingar á lögum klúbbsins
5. Ákvörðun á félagsgjaldi
6. Kjör stjórnar
7. Önnur mál

1. Fundarstjóri Kjartan Björnsson og fundarritari Kristinn Guðbrandsson

2. Skýrsla stjórnar lögð fram af S. Hilmar Guðjónssyni. Kjartan tjáði sína skoðun á varningsmálinu, talaði um að stjórn þyrfti að senda varning á þá sem eftir eiga að fá varning frá klúbbum. Skýrsla samþykkt samhljóða. Skýrsla stjórnar fylgir með fundargerð Aðalfundar Arsenalklúbbsins á Íslandi.

3. Kjartan gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins. Reikningar samþykktir samhljóða. Reikningar fylgja sem fylgiskjal með fundargerð.

4. S. Hilmar kynnti breytingatillögur fyrir nefndina sem vann að þessum breytingatillögum þar sem nefndarmenn komust ekki á fundinn.

Lagabreytinganefndin vill að þessar breytingar verði allar teknar fyrir sem ein heild. En fundarstjóri ákvað að fylgja lögum félagsins og almennri hefð fundarskapa og bera upp hverja grein fyrir sig.

Breytingartillögurnar fylgja hér að neðan.



Lög Arsenalklúbbsins á Íslandi

I. Heiti félagsins, heimili, tilgangur og félagsform

1. gr.

Félagið heitir „Arsenalklúbburinn á Íslandi“. Enskt hjáheiti er „Arsenal FC Supporters Club Iceland“ og er skammstafað „ASCI“.

2. gr.

Heimili félagsins er lögheimili formanns stjórnar þess á hverjum tíma. Varnarþing félagsins er skal vera í Reykjavík Reykjavík.

3. gr

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alla stuðningsmenn Arsenal F.C á Íslandi. Félagið skal leitast við að gefa út fréttabréf á því formi sem hentar þykir hverju sinni, standa fyrir ferðum á leiki erlendis, aðstoða félagsmenn við að útvega Arsenalvarning og standa fyrir upplýsingamiðlun fyrir félagsmenn á heimasíðu félagsins á internetinu og/eða samfélagsmiðlum facebook-síðu og aðstoða við úttegun miða á leiki með Arsenal. Jafnframt er stjórn félagsins heimilt að gera annað það sem nauðsynlegt þykir svo sem samræmist framangreindum tilgangi félagsins.

4. gr

Félagið er áhugamannafélag. Það er ekki rekið í hagnaðarskyni og mun ekki stunda neinn atvinnurekstur né heldur aðra fjárhagslega starfsemi, umfram það sem nauðsynlegt er til að stuðla að tilgangi þess samkvæmt 3. gr

II. Félagsmenn

5. gr.

Félagsmenn hvers tímabil eru allir sem hafa skráð sig í félagið og greitt félagsgjald.



6.gr.

Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald njóta fullra félagsréttinda samkvæmt lögum þessum og þeirra hlunninda sem félagið leitast við að afla félagsmönnum.

7.gr

Stjórn félagsins getur tekið ákvörðun um brottvikningu félaga úr klúbbum ef þeir, sem fulltrúar klúbbsins innanlands eða erlendis, hegða sér með ótilhlýðilegum hætti í ferðum á vegum félagsins eða í nafni klúbbsins á einhver hátt. Skal slík ákvörðun vera einróma. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félag gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

III. Reiknings-og starfsár.

8.gr

Reiknings- og starfsár félagsins skal vera 16. maí til 15. maí ár hvert.

Árleg félagsgjöld skulu miðast við reikningsár félagsins. Fjárhæð og greiðslufyrirlikomulag skal ákveða á aðalfundi ár hvert.

IV. Aðalfundir og almennir félagsfundir.

9.gr

Aðalfundur fer með æðsta vald í ~~skipulags~~ málefnum félagsins og hefur vald til að ~~breyta~~ lögum þess.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar enn í lok maí ár hvert.

Aðalfund skal auglýsa á heimasíðu félagsins, á samfélagsmiðlum, Abler eða með öðrum sambærilegum hætti. Skal senda öllum ~~og boða öllum~~ félagsmönnum tilkynningu skriflega og/eða með rafrænum ~~pósthætti~~ dagskrá með a.m.k. 14 daga viku fyrirvara ~~og er hann þá lögmætur~~.



Í aðalfundarboði skulu kynntar þær tillögur til lagabreytinga, sem óskað er eftir að hljóti afgreiðslu aðalfundar. Með aðalfundarboði skulu einnig fylgja upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins sem kjósa á á fundinum. Aðalfundur er löglegur sé ~~rétt~~ löglega til hans boðað.

~~Auk þess~~ Skal boða til almenns félagsfundar að kröfu tveggja stjórnarmanna eða ef 1/10 hluti félagsmanna fer fram á það skriflega við stjórnina.

Verkefni aðalfundar eru eftirfarandi:

1. ~~Þ~~ Kjörlögn fundaritara og fundarstjóra
2. ~~b~~ Skýrsla stjórnar lögð fram
3. ~~E~~ Endurskoðaðir reikningar stjórnar lagðir fram til samþykktar
4. ~~B~~ Breitingar á lögum félagsins
5. ~~Á~~ Ákvörðun á félagsgjaldi fyrir næsta starfsár
6. ~~K~~ Kjör stjórnar

7. ~~K~~ Kjör kjörnefndar

7-8. Önnur mál löglega upp borin.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti athvæða, nema þegar tillögur til breytinga á lögum félagsins eru afgreiddar, en 2/3 hluta fundarmanna á löglegum aðalfundi þurfa að greiða þeim athvæði til að þær taki gildi. ~~Tillögur til egaum~~ lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. Maí næstan á undan aðalfundardegi. Skal þess getið frá hverjum tillagan kemur.

Framboð til stjórnar Arsenalklúbbsins á Íslandi skulu tilkynnt til kjörstjórnar fyrir 1. maí næstan á undan aðalfundardegi. Kjörstjórn skal vera óháð stjórn félagsins og skal samanstanda af þremur félagsmönnum. Tilkynningu skal fylgja staðfesting þess sem býður sig fram á því að hann/hún gefi kost á sér til embættisins. Stjórn skal auglýsa framboðs- og tillögufrest aðalfundar skriflega og/eða rafrænt til félagsmanna ásamt

auglýsingum á heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins eigi síðar er 2 vikum fyrir tilgreindan frest.



Kosningar til stjórnarsetu og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leyndlegar. Þó er heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðarhafi nægjanlegur fjöldi ekki tilkynnt framboð sitt innan tilskilins frests.

Athvæðisrétt á aðalfundum og kjörgengi í embætti hafa þeir félagsmenn sem eru fullgildir félagar 1. maí næstan á undan aðalfundi.

Félagsstjórn getur ákveðið að félagsmenn geti tekið þátt í félagsfundi rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði án þess að vera á fundarstað, s.s. við stjórnar- og nefndakjör. Rafræn þátttaka félagsmanna á félagsfundi skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Félagstjórn er heimilt að ákveða að rafrænt stjórnar- og nefndakjör hefjist allt að tveimur dögum fyrir félagsfund. Félagstjórn skal að öðru leyti ákveða hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til nota á slíkum félagsfundi, þannig að m.a. verði unnt að tryggja rétt félagsmanna til að sækja fundinn, sem og staðfesta með tryggilegum hætti mætingu á fundinn og niðurstöðu atkvæðagreiðslna. Í fundarboði til félagsfundarins skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnaðinn auk upplýsinga um það hvernig félagsmenn geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum. Það að félagismaður nýti sér aðgang að tæknibúnaði til rafrænnar þátttöku á félagsfundi jafngildir undirskrift og telst viðurkenning á þátttöku hans á fundinum.

10.gr

Stjórn Arsenalklúbbsins á Íslandi skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. Aðalfundur skal fyrst kjósa formann sérstaklega. Síðan skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara auk eins endurskoðanda. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en því að formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi.

Formaður félagsins er kosinn til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir tveir í einu til tveggja ára í senn varamenn í stjórn og endurskoðandi eru kosnir til eins árs. Formaður skal ekki sitja lengur en 3 kjörtímabil eða 6 ár.

Félagsmenn sem mæta á aðalfundinn fá atkvæðisrétt svo lengi sem þeir eru skuldlausir. Umboð skuli berast stjórn eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.



Félagatal Arsenalklúbbsins er jafnframt kjörskrá fyrir kjör til stjórnar og skal kjörnefnd tryggja að allir frambjóðendur skuli hafa jafnan aðgang að kjörskrá. Kjörskrá inniheldur persónugreinanlegar upplýsingar. Frambjóðendur skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og heita því að kynna sér og fylgja þeim reglum sem um meðferð og vinnslu slíkra upplýsinga gilda, m.a. þær sem finna má í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Bent skal á að viðurlög eru við misnotkun á kjörskránni.

11.gr.

Stjórnarmenn verða að vera félagsmenn. Stjórn Arsenalklúbbsins skal leitast við að virkja félagsmenn í starfi fyrir klúbbinn og er heimilt að skipa starfshópa til að aðstoða við eða sinna einstökum verkefnum og skulu þeir starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar.

12.gr

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda innan ramma þessara laga. Stjórnin tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum þess gagnvart öðrum aðilum. Ef atkvæði falla jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum.

13.gr.

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda með minnst viku fyrirvara með tryggilegum hætti og stýrir fundi. Skulu varamenn taka sæti í stjórn í rétttri röð eftir atkvæðafjölda á aðlfundi.

Fundargerðir skulu haldnar um stjórnarfundum og skal lesa upp fundargerð í lok fundar. Skulu fundarmenn undirrita samþykki sitt á fundargerð og skal rafræn undirritun teljast jafngild skriflegri.

VI. Slit félagsins, gGildistaka

14. gr



Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða og þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að slíta félaginu. Ef félaginu er slitið skal aðalfundur ákveða hvað skal verða um eignir félagsins en eignir skulu þá renna til uppbyggingar fyrir áhugamenn um Arsenal og/eða til góðgerðarstarfsemi. Tillaga um slit félagsins send með aðalfundarboði

~~14-gr 15. gr~~

Lög þessi tóku gildi 16. október 2004. Breytt með kosningu 28. október 2006 (tóku gildi 27. janúar 2007)

~~Samþykkt á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 16. október 2004.~~

~~Staðfest á stjórnarfund Reykjavíkur 16. október 2004~~

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 28. október 2006

~~Breytingar staðfestar á stjórnarfund Reykjavíkur 27. janúar 2007~~

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi ~~haldinn~~ 19. maí 2008

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi ~~haldin~~ 28. maí 2015

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi ~~haldin~~ 25. maí 2017

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 22. maí 2024

Engar umræður fylgdu 1. grein og hún samþykkt einróma.

Engar umræður fylgdu 3. grein og hún samþykkt einróma.

Umræður sköpuðust í kringum 3. grein en S. Hilmar var smeykur við að setja í lög að aðstoða eigi við úthlutun miða á leiki. Kjartan Björnsson benti á að þetta hefur alltaf verið gert af klúbnum og lykilorðið er aðstoða, ekki kvöð þar á bakvið annað en að gera það sem hægt er að gera með þann fjölda sem er úthlutaður. Lagabreytingin samþykkt einróma.

Engin ummæli fylgdu 7. grein og hún samþykkt einróma. Þó barst spurning frá Birnu hvort einhver hafi verið rekið úr klúbnum sem ekki hefur verið gert.

Miklar umræður sköpuðust í kringum 9. grein. S. Hilmar benti á að sniðugt sé að gefa öllum tækifæri á að kjósa en kostnaðurinn í kringum rafrænar kosningar er mikill auk þess að ekki hafa yngstu félagsmenn aðgang að rafrænum skilríkjum, Ásgerður benti á hið sama að félagsmenn væru á aldrinum 1-99 ára og ekki eru born með rafræn skilríki. Kjartan Björnsson benti á að orðalag greinarinnar sé ekki gott auk þess sem hoppað er á milli félags og klúbbs og svo bætist við félagstjórn í textanum. 9. grein var fell den stjórn bent á að skoða greinina og sjá hvernig hægt er að tryggja að allir geta kosið þegar kosningar eru á annað borð. S. Hilmar benti einnig á að samningurinn við Abler er stuttur og ekki sjálfgefið að hann verði framlegdur og því ekki sniðugt að setja einafyrirtæki í lögin okkar.

Umræður sköpuðust í kringum 10. grein, Ásgerður benti á að sérstakt sé að formaður megi bara sitja þrjú kjörtímabil sen stjórnarmenn eins lengi og þeri vilja. Kjatan Adolfsson benti á að varaformaður gæti setið undir fullt af formönnum og aldrei misst sitt sæti. Birna spurði hvað myndi gerast ef enginn myndi bjóða sig fram. S. Hilmar benti á að það hefði verið skeflilegt fyrir klúbbinn á sínum tíma ef Sigurður Enoksson hefði þurft að hætta eftir 6 ár, en hann sat sem formaður í 18 ár með frábærum árangri. Kristinn Guðbrandsson nefndi það að honum þætti sérstakt að hefta góðan farsælan formann til einungis 6 ára. Breytingatillaga kom þar sem folk var ánægt með aðgang að kjörskránni og var tekin út setningin "Formaður skal ekki sitja lengur en 3 kjörtímabil eða 6 ár. 10. grein var samþykkt einróma eftir breytingu.

Kjartan Björnsson lagði til að farið yrði í það að samræma orðalag í lögum klúbbsins, þar sem ýmist er talað um klúbb eða félag. Arsenalklúbburinn á Íslandi er klúbbur ekki félag.

Engar umræður fylgdu 11. grein og hún samþykkt einróma.

Engar umræður fylgdu 12. grein og hún samþykkt einróma.

Engar umræður fylgdu 13. grein og hún samþykkt einróma.

Engar umræður fylgdu 14. grein og hún samþykkt einróma.

Við þetta verður gamla 14. greinin að 15. grein.

Lög Arsenalklúbbsins að þessu loknu líta því svona út.

Lög Arsenalklúbbsins á Íslandi

I. Heiti félagsins, heimili, tilgangur og félagsform

1. gr.

Félagið heitir „Arsenalklúbburinn á Íslandi“. Enskt hjáheiti er „Arsenal FC Supporters Club Iceland“ og er skammstafað „ASCI“.

2. gr.

Heimili félagsins er lögheimili formanns stjórnar þess á hverjum tíma. Varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alla stuðningsmenn Arsenal F.C á Íslandi. Félagið skal leitast við að gefa út fréttabréf á því formi sem hentar þykir hverju sinni, standa fyrir ferðum á leiki erlendis, aðstoða félagsmenn við að útvega Arsenalvarning og standa fyrir upplýsingamiðlun fyrir félagsmenn á heimasíðu félagsins á internetinu og/eða samfélagsmiðlum og aðstoða við útvegum miða á leiki með Arsenal. Jafnframt er stjórn félagsins heimilt að gera annað það sem nauðsynlegt þykir svo sem samræmist framangreindum tilgangi félagsins.

4. gr.

Félagið er áhugamannafélag. Það er ekki rekið í hagnaðarskyni og mun ekki stunda neinn atvinnurekstur né heldur aðra fjárhagslega starfsemi, umfram það sem nauðsynlegt er til að stuðla að tilgangi þess samkvæmt 3. gr.

II. Félagsmenn

5. gr.

Félagsmenn hvers tímabil eru allir sem hafa skráð sig í félagið og greitt félagsgjald.

6. gr.

Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald njóta fullra félagsréttinda samkvæmt lögum þessum og þeirra hlunninda sem félagið leitast við að afla félagsmönnum.

7. gr.

Stjórn félagsins getur tekið ákvörðun um brottvikningu félaga úr klúbbum ef þeir,sem fulltrúar klúbbsins innanlands eða erlendis,hegða sér með ótilhlýðilegum hætti í ferðum á vegum félagsins eða í nafni klúbbsins á einhver hátt. Skal slík ákvörðun vera einróma. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félaga gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

III. Reiknings-og starfsár.

8. gr.

Reiknings- og starfsár félagsins skal vera 16. maí til 15. maí ár hvert.

Árleg félagsgjöld skulu miðast við reikningsár félagsins. Fjárhæð og greiðslufyriricomulag skal ákveða á aðalfundi ár hvert.

IV. Aðalfundir og almennir félagsfundir.

9. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í skipulagsmálefnum félagsins og hefur vald til að breyta lögum þess. Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar enn í lok maí ár hvert.

Aðalfund skal auglýsa á heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins og boða öllum félagsmönnum skriflega og/eða með rafrænum pósti, dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara og er hann þá lögmaður. Í aðalfundarboði skulu kynntar þær tillögur til lagabreytinga, sem óskað er eftir að hljóti afgreiðslu aðalfundar. Með aðalfundarboði skulu einnig fylgja upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins sem kjósa á á fundinum. Aðalfundur er löglegur sé rétt til hans boðað. Auk þess skal boða til almenns félagsfundar að kröfu tveggja stjórnarmanna eða ef 1/10 hluti félagsmanna fer fram á það skriflega við stjórnina.

Verkefni aðalfundar eru eftirfarandi:

1. a) kjör fundaritara og fundarstjóra
2. b) skýrsla stjórnar lögð fram
3. c) endurskoðaðir reikningar stjórnar lagðir fram til samþykktar
4. d) breytingar á lögum félagsins
5. e)Ákvörðun á félagsgjaldi fyrir næsta starfsár
6. f) Kjör stjórnar
7. h) Önnur mál.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema tillögur til breytinga á lögum félagsins eru afgreiddar, en 2/3 hluta fundarmanna á löglegum aðalfundi þurfa að greiða þeim atkvæði til að þær taki gildi. Tillaga um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. maí næstan á undan aðalfundardegi. Skal þess getið frá hverjum tillagan kemur.

Framboð til stjórnar Arsenalklúbbsins á Íslandi skulu tilkynnt stjórn fyrir 1. maí á undan aðalfundardegi. Tilkynningu skal fylgja staðfesting þess sem hver býður sig fram á og því að hann/hún staðfesting að einstaklingurinn gefi kost á sér til embættisins. Stjórn skal auglýsa framboðs- og tillögufrest aðalfundar skriflega og/eða rafrænt til félagsmanna ásamt auglýsingum á heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins eigi síðar er 2 vikum fyrir tilgreindan frest. Kosningar til stjórnarsetu og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leynilegar. Þó er heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar hafi nægjanlegur fjöldi ekki tilkynnt framboð sitt innan tilskilins frests.

Atkvæðisrétt á aðalfundum og kjörgengi í embætti hafa þeir félagsmenn sem eru fullgildir félagar 1. maí næstan á undan aðalfundi.

10. gr.

Stjórn Arsenalklúbbsins á Íslandi skipa fimm aðalmenn og tveir til vara. Aðalfundur skal fyrst kjósa formann sérstaklega. Síðan skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara auk eins endurskoðanda. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en því að formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi.

Formaður félagsins er kosinn til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir tveir í einu til tveggja ára í senn varamenn í stjórn og endurskoðandi eru kosnir til eins árs.

Félagsmenn sem mæta á aðalfundinn fá atkvæðisrétt svo lengi sem þeir eru skuldlausir. Umboð skuli berast stjórn eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Félagatal Arsenalklúbbsins er jafnframt kjörskrá fyrir kjör til stjórnar og skal kjörnefnd tryggja að allir frambjóðendur skuli hafa jafnan aðgang að kjörskrá. Kjörskrá inniheldur persónugreinanlegar upplýsingar. Frambjóðendur skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og heita því að kynna sér og fylgja þeim reglum sem um meðferð og vinnslu slíkra upplýsinga gilda, m.a. þær sem finna má í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Bent skal á að viðurlög eru við misnotkun á kjörskránni.

11. gr.

Stjórnarmenn verða að vera félagsmenn. Stjórn Arsenalklúbbsins skal leitast við að virkja félagsmenn í starfi fyrir klúbbinn og er heimilt að skipa starfshópa til að aðstoða við eða sinna einstökum verkefnum og skulu þeir starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar.

12. gr.

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda innan ramma þessara laga. Stjórnin tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum þess gagnvart öðrum aðilum. Ef atkvæði falla jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns úrslitum.

13. gr.

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda með minnst viku fyrirvara með tryggilegum hætti og stýrir fundi. Skulu varamenn taka sæti í stjórn í rétttri röð eftir atkvæðafjölda á aðlfundi.

Fundargerðir skulu haldnar um stjórnarfundi og skal lesa upp fundargerð í lok fundar. Skulu fundarmenn undirrita samþykki sitt á fundargerð og skal rafræn undirritun teljast jafngild skriflegri.

VI. Slit félagsins, gildistaka

14. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða og þarf 2/3 hluta atkvæða til þess að slíta félaginu. Ef félaginu er slitið skal aðalfundur ákveða hvað skal verða um eignir félagsins en eignir skulu þá renna til uppbyggingar fyrir áhugamenn um Arsenal og/eða til góðgerðarstarfsemi. Tillaga um slit félagsins send með aðalfundarboði

15. gr.

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 28 október 2006

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 19. maí 2008

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 28. maí 2015

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 25. maí 2017

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 22. maí
2024

Breytingar samþykktar á aðalfundi Arsenalklúbbsins á Íslandi 25. maí
2025

5. Tillaga kom að hækka félagsgjöldin úr 3.000 kr. í 3.500, tillaga samþykkt.

6. Ekki þurfti að kjósa í stjórn að þessu sinni, þar sem ekki komu nægilega mörg framboð til stjórnarsetu.

Sigurður Hilmar Guðjónsson yfirgefur sitt stjórnarsæti og verður formaður, Kristinn Guðbrandsson og Kjartan Friðrik Adólfsson endurkjörnin stjórnarmenn til tveggja ára. Sæti sem losnaði við það að Sigurður Hilmar verður formaður tekur Ólafur Unnar Ólafsson til eins árs.

Ekkert framboð barst í varastjórn, en samkvæmt lögum má bjóða sig fram á fundinum, Ásgerður Króksnes Steinþórsdóttir og Birna Guðmundsdóttir buðu sig fram . Fundurinn samþykkti einróma

Kjör endurskoðanda var sett í hendur stjórnar.

7. Önnur mál:

S. Hilmar tilkynnti að Arena yrði heimavöllur Arsenalklúbbsins á Íslandi tímabilið 2025-2026. Sá staður er í Turninum á Smáratogi og munum við reglulega vera með hittinga þar. Einnig tilkynnti S. Hilmar að Þorgrímur Halfdánarson er heiðursfélagi nr. 18 og Sigurður Enoðsson heiðursfélagi nr. 17

Kjartan Björnsson lagði til að stjórn Arsenalklúbbsins léti framleiða flotta fána

Fundi slitið 12:30 en 17 manns mættu á fundinn